

Fundargerð

59. fundur stjórnar Bláskógaveitu, 25. september 2013 kl. 14.00, haldinn í fundarsal Bláskógabyggðar.

Mættir: Jóhannes Sveinbjörnsson, Kjartan Lárusson og Ómar Sævarsson, stjórnarmenn Bláskógaveitu, Benedikt Skúlason veitustjóri, Valtýr Valtýsson og Rúnar Guðmundsson. Þórarinn Þorfinnsson boðaði forföll.

Yfirlit dagskrár:

1. Umsókn um nýja hitaveitu-heimlögn, Holtsgata 6.
2. Umsókn um nýja hitaveitu-heimlögn, Stekkárreitir, Skógarhlíð.
3. Umsókn um kalt vatn inn á sumarhúsahverfið í Vörðuhlíð.
4. Umsókn um heitt vatn að jörðinni Höfða. (áframhald frá fundi 58.)
5. Lindarskógar á Laugarvatni, kostnaðaráætlun við nýja stofnlögn og heimæðar.
6. Útseld vinna veitustjóra og aðstoðarmanns.
7. Umræður um ógreiddar kröfur/reikninga Bláskógaveitu.
8. Stofngjöld fyrir minni hús s.s. gestahús og önnur aukahús.

1. Umsókn um nýja hitaveitu-heimlögn, Holtsgata 6.

Ólafur Kristinsson kt. 090075-5769 sækir um nýja heimlögn í sumarhús Holtsgötu 6, í landi Reykjavalla.

Samþykkt.

2. Umsókn um nýja hitaveitu-heimlögn, Stekkárreitir, Skógarhlíð.

Indriði Benediktsson kt. 220161-4399, sækir nýja hitaveitu-heimlögn að Stekkárreitum, nefndt Skógarhlíð.

Samþykkt.


3. Umsókn um kalt vatn inn á sumarhúsahverfið í Vörðuhlíð.

Sveinn Þ. Jónsson formaður sumarhúsafélagsins í Vörðuhlíð óskar eftir því við stjórn Bláskógaveitu, að kannað verði hvort möguleiki verði að fá kalt vatn frá Bláskógaveitu, inn á Vörðuhlíðarsvæðið. Þá óskar Sveinn eftir kostnaðaráætlun, þ.m.t. inntaksgjöld fyrir framkvæmdina.

Bláskógaveita hefur ekki uppi áform um að leggja kaldvatnsveitu frá Laugarási yfir Hvítárbrú og að byggð í landi Iðu, að svo komnu máli.

4. Umsókn um heitt vatn að jörðinni Höfða.

Á fundi 58. var tekin til umræðu umsókn um heitt vatn að jörðinni Höfða. Var bókað að gera þyrfti úttekt á bæði kostnaði og hæðarlegu lands vegna hitaveitu að Höfða. Liggur nú fyrir eftir að mælingar á hæðarlegu lands fóru fram, að ef á að leggja umrædda hitaveitu þurfi dætur til að koma vatni á áfangastað.



Kostnaðaráætlun liggur fyrir um framkvæmdina, og mun hún verða kynnt umsækjendum. Stjórn Bláskógaveitu mun taka endanlega afstöðu til málsins að því loknu.

5. Lindarskógar á Laugarvatni, kostnaðaráætlun við nýja stofnlögn og heimæðar.
Nú liggur fyrir kostnaðaráætlun við að endurnýja stofnlögn og nokkrar heimæðar að Lindarskógum á Laugarvatni. Kostnaðaráætlun hljóðar uppá 5.922.211-
Veitustjórn samþykkir fyrirbyggjandi kostnaðaráætlun, mælist til að framkvæmdir verði hafnar við fyrsta tækifæri.

6. Útseld vinna veitustjóra og aðstoðarmanns.

Æskilegt er að tímagjald vegna vinnu veitustjóra og aðstoðarmanns ávið hitaveituframkvæmdir, verði sett í gjaldskrá og afhendingarskilmála.

Veitustjórn leggur til að útseld vinna per/klst veitustjóra verði 4.100 kr.

Þá verði útseld vinna per/klst á aðstoðarmanni 3.100 kr.

Veitustjórn felur Rúnari að koma ofangreindum tóxtum inn í gjaldskrá Bláskógaveitu og auglýsa í B-deild stjórnartíðinda.

7. Umræður um ógreiddar kröfur/reikninga gagnvart Bláskógaveitu.

Rúnari falið í góðri samvinnu við Elsu og Valtý, að ganga frá eldri ófrágengnum kröfum.

8. Stofngjöld fyrir minni hús s.s. gesthús og önnur aukahús.

Hugleiðingar hafa verið um hvort eðlilegt sé að innheimta að fullu stofngjald fyrir minni hús, svo sem gestahús og önnur aukahús, sem koma inn á fyrirbyggjandi stofnlagnir.

Stjórnin ákveður að ofangreint verði tekið með í vinnu við endurskoðun gjaldskrár.

Önnur mál:

Sigurður Guðmundsson á Reykjavöllum, mætti til fundar við Benedikt, Valtý og Jóhannes, og voru ræddir möguleikar á aðkomu Bláskógaveitu um dreifingu á köldu vatni í sumarhúsahverfi á Reykjavöllum.

Benedikt falið að skoða aðstæður með Sigurði.

Fundi slitið kl:17.00

Omar Svermar
Benedikt Skulda
Fluresveinbjörg
Þóttars Sverull
Stjórn
Ólafur Ólafsson